

Grímsnes- og Grafningshreppi, 21. júní 2023

### **Efni: Fjallskil og álagning fjallskila í Grímsnes- og Grafningshreppi, tillaga að breytingu.**

Í sauðfjárbúskap breytast tímarnir eins og í öðru og verða fjárbændur sem og samfélögin að aðlaga sig að þeim breytingum sem eru hverju sinni. Fé hefur fækkað víða um land og alls ekki minna í okkar samfélagi en annarsstaðar og jafnvel meira. Nú er staðan orðin sú að tveir til fjórir bændur á hvorum afrétti nýta sinn upprekstrarrétt og er það sama hvort þeir séu margir, tveir til fjórir eða enginn þá þarf alltaf að smala afréttinn, hvort sem fé er á afrétti eða ekki. Það er skylda sveitarfélaga skv. lögum nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil ofl.

Það liggur fyrir að fækkun verður á sauðfé á komandi misseri og því færri fé sem tilheyrir fjáreigendum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Báðir afréttir sveitarfélagsins er opnir inn á afrétti aðliggjandi sveitarfélaga og því færri sem okkar fé er, kemur fleira fé af öðrum svæðum í auknum mæli inn á okkar afrétti. Smölun verður því alls ekki auðveldari þar sem betra er að smala heimafé til síns heima en aðkomufé og því verður kostnaður við smölun síst minni en nú er. Það sem einnig hefur dregið úr fjárfjölda á afréttinum er, að fjárbændum hefur fjölgað sem hafa fé sitt í heimahögum yfir sumartímann og nýta því ekki afréttinn, engu að síður greiða þeir fjallskil. Það getur vel komið upp sú staða að ekkert fé úr sveitarfélaginu fari á afrétt og hversu réttlátt er þá að fjáreigendur greiði fyrir smölun afréttar sem þeir ekki nýta frekar en aðrir skattgreiðendur í samfélaginu. Fjallskil er ekki skattur heldur er þeim ætlað að standa straum af kostnaði við smölun afréttanna. Ef enginn veldur fjallskilum í sveitarfélaginu er ekki sanngjarnt að örfáir aðilar sjái um þann kostnað frekar en annan kostnað sem til fellur í rekstri sveitarfélagsins. Við tókum jú öll þátt í rekstri sveitarfélagsins með sköttum okkar og skyldum.

Samfélagið er bændasamfélag þó það hafi vissulega dregist verulega saman en er samt mikilvægur hluti af félags- og menningarlegum þáttum samfélagsins. Þann hluta þarf að varðveita og hlúa að eins og öðrum innviðum. Í samfélagsstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps er það sérstaklega tekið fram að stór hluti sveitarfélagsins er landbúnaðarsvæði og markmið stefnunnar að efla landbúnað og tengda atvinnustarfsemi. Því hlýtur að vera jafn mikilvægt að gera sauðfjárbúum kleift að stunda sinn rekstur eins og öðrum, með þeim þáttum sem við á hverju sinni.

Mikil umræða hefur verið á undanförunum misserum um fjallskil, álagningu þeirra og framkvæmd smölunar. Það var því ákvörðun fjallskilaneftndar að boða til fundar um fjallskil og álagningu þeirra með það að markmiði að finna leið til að gera þau skilvirkari, sanngjarnari og óska eftir breytingu á innheimtu fjallskila til sveitarstjórnar. Á fundinn sem haldinn var í Félagsheimilinu Borg, þann 7. júní s.l. voru boðaðir fjáreigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi og fjallskilaneftnd sveitarfélagsins.

Það er alls ekki áhugi fjárbænda og fjallskilaneftndar að smölun afréttar eigi að vera á vegum einhverra annara aðila og að ekki eigi að greiða neitt fyrir nýtingu afréttarins. Þessir þættir þurfa bara að vera aðeins sanngjarnari og skilvirkari. Því teljum við að álagningu fjallskila og fjallskil í sveitarfélaginu þurfi að taka til gagngerar endurskoðunar.

Í gildi eru lög nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil ofl. og til að útfæra lögin nánar fyrir hvert svæði eru settar samþykktir um fjallskil. Í okkar samfélagi eru tvær samþykktir í gildi, annars vegar Fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 775/2020 og hins vegar Fjallskilasamþykkt fyrir Árnassýslu austan vatna nr. 844/2022. Þessar samþykktir taka því til

fleiri sveitarfélaga en Grímsnes- og Grafningshrepps og því ætti álagning að vera með sama hætti í öllum sveitarfélögunum. Það er ekki raunin, ekkert sveitarfélag innheimtir fjallskil með sama hætti. Í 46. grein laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., stendur að „sveitarstjórn getur ákveðið, að sérstakir kostnaðarliðir, sem af fjallskilum stafa, greiðist úr sveitarsjóði“.

Að okkar mati hefur sveitarstjórn því heimild til að innheimta fjallskil með þeim hætti sem passar okkar samfélagi, sé rétt staðið að ákvörðun um innheimtu fjallskila.

Telji sveitarstjórn sér ekki heimilt að gera það, þá óskum við eftir að sveitarstjórn leggi til breytingar á áður nefndum samþykktum til þess að svo megi vera.

Hingað til hefur álagning fjallskila verið með þeim hætti að þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á landverð og tveir þriðju hlutar hafa deilst á fjárfjölda sem til er í sveitarfélaginu. Raunar varð sú breyting á síðastliðið haust að sá þriðjungur sem innheimtur hefur verið með landverði var greiddur úr sveitarsjóði eftir bókun sveitarstjórnar af fundi sínum nr. 511, þann 1. september 2021.

Kostnaður vegna smölunar og því sem þeim fylgir á afréttum sveitarfélagsins hefur seinustu misseri verið að kosta um 2,8 milljónir. Dagsverk sem þarf til að hreinsa afréttina hafa verið um 160 en þar af eru unnin dagverk þeirra sem nýta afréttinn um 110 dagsverk.

Þriðjungur af þeim kostnaði reiknast á landverð eða um 934 þúsund og tveir þriðju hlutar, 1.867 þúsund, deilst niður á hverja kind í sveitarfélaginu. Fjárfjöldinn í Grímsnes- og Grafningshreppi er núna 1803 ær. Álögur á hverja kind verða því 1.035 kr. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um fækkun fjár fyrir næsta ár verða þessar álögur 1.250 kr.

Um fjórðungur fjárins nýtir ekki afréttinn, heldur eru í heimahögum og valda þar með ekki fjallskilum af þeim sökum. Sé tekið tillit til þess og kostnaðinum deilt aðeins niður á það fé sem nýtir afréttinn þá verða álögurnar 1.380 kr. á hverja kind. Spyrja má hvort einhver sanngirni sé í þessu? Það er nú því miður þannig að þó fénu fækkar þá minnkar ekki landið og því þarf að minnsta kosti jafn marga smala til að hreinsa afréttinn. Þeir sem til þekkja vita að það er meira mál að smala fáu fé en mörgu.

Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps hefur nú til athugunnar framkvæmd smölunar til að freista þess að fé heimtist betur og hvort möguleiki sé á hagræða smöln eithvað með það að markmiði að lækka kostnað hennar. En varðandi álögurnar kemur til kasta sveitarstjórnar.

Niðurstaða okkar og tillaga til sveitarstjórnar um álagningu fjallskila er eftirfarandi:

*Að þeir fjárbændur sem nýta afréttinn leggi til 1 dagsverk, án endurgjalds, fyrir hverjar 13 kindur sem þeir eiga. Það sem eftir stendur af þeim tveimur þriðju hlutum sem deilst hefur á fjárfjölda greiðist úr sveitarsjóði. Með þessu greiða þeir sem svo sannanlega nýta afréttinn en aðrir ekki. Geti fjáreigandi ekki innt þau dagsverk af hendi sem honum ber, skal hann greiða þau.*

*Endurskoða þarf samt í lok hvers árs, af fjallskilanevnd, hvort einhver hefur nýtt afréttinn sem ekki lagði fram neitt dagsverk og skal þá viðkomandi greiða í samræmi við þann fjárfjölda sem hann á.*

Það er von okkar að sveitarstjórn taki jákvætt í erindið, við erum að reyna leggja fram lausn sem ætti að geta verið nokkuð sanngjörn fyrir alla.

Virðingarfyllst,

Fjallskilanevnd og fjárbændur í Grímsnes- og Grafningshreppi